


Gildandi aðalskipulag, þéttbýlisuppráttur - mkv. 1:10.000



Breytt aðalskipulag, þéttbýlisuppráttur - mkv. 1:10.000

# AÐALSKIPULAG EYJAFJARÐARSVEITAR 2005-2025

Þéttbýlisuppráttur, auk Kristness

Landnotkun


SKÝRINGAR

Landnotkun og þróun byggðar

- Íbúðarsvæði ..... Íbúðarsvæði merkt IS1 til IS4.
- Svæði fyrir þjónustustofnanir ..... Stofnanir merktar IS1 til IS4.
- Verslunar- og þjónustusvæði ..... Verslunar- og þjónustusvæði merkt VP1-VP4.
- Iðnaðarsvæði ..... Iðnaðarsvæði merkt I-1 til I-2.
- Svæði fyrir frístundabyggð ..... Frístundusvæði merkt FS1 til FS7.
- Óbyggð svæði ..... Óbyggð svæði merkt OS eru jafnan önn 300 mya.
- Landbúnaðarsvæði ..... Landbúnaðarsvæði merkt LM eru jafnan önn 300 mya.
- Ár og lækir ..... Skurðir, ár og lækir.
- Opin svæði til sérstakra nota ..... Opin svæði til sérstakra nota merkt OS1 til OS7.

Jarðskjalftar

Samkvæmt þjóðarskjalí FS ENV 1998-1-1:1994 er Eyjafjarðarsveit á hönnunarhraðasvæði 0,10 til 0,30.



Samgöngukerfi sem staðfest er í Reykár- og Ölduhverfi auk Kristness

Vegur	Gönguleiðir	Reiðleiðir
Stofnvegur 821.	GL-1	HL-1
Tengivegur 822.	GL-4	HL-3
Stofnvegur 823.	GL-5	
Tengivegur 821.		


Samgöngur og veitukerfi

- Stofnvegir
- Tengivegir
- Aðrir vegir, til skýringar
- Gönguleiðir (GL) - GL-1 er jafnframt reiðhjólástígur
- Reiðleið, héraðsleið (HL)
- Rafliða-loftliða
- Rafliða - í jörð
- Fjarskipti - í jörð
- Vatnsveita - í jörð

Aðrar skýringar

- Mörk skipulagsvæðis
- Mörk þéttbýlissvæðis
- V. nr. Vegnúmer stofn- og tengivega
- Hæðarlínur eru sýndar með 2 m millibili

Kortagrunnur: HMT FM, 1994.  
Lofmyndir: Landmælingar Íslands.  
Nýrri myndir: Ísgrálf hf. - notabær til vörðunar



Sveitarfélagsuppráttur mkv. 1:50.000

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í sveitarstjórn

Eyjafjarðarsveitar þann 18. maí 2016

*Ólafur Rinnar Ólafsson*

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun þann 7. september 2016

*Andri Hjálmarsson*



*Sigrún Sæla Gunnarsdóttir*

Jarðirnar Vagfir, Ytra-Gil og Syðra-Gil eru sýndar á sveitarfélagsupprátti aðalskipulagsins sem er í mælikvarða 1:50.000. Vegna mælikvarða sveitarfélagsuppráttar er ekki talin þörf að breyta þeim upprátti en breyting á leggunni er eins og lýst er hér að ofan.

Breyting er gerð á þéttbýlisupprátti aðalskipulagsins sem nær yfir Hrafnagils- og Ölduhverfi auk Kristness. Breyting á upprátti fellst í því að gönguleiðin og reiðleiðin færast frá gamla þjóveginum að Eyjafjarðarbraut vestri innan jarðana Reykhús og Kristnes, sjá upprátt hér að ofan.

Þrátt fyrir að leiðirnar liggja saman skulu þær vera aðskildar og er því um að ræða tvo aðskilda stíga sem þó liggja samsíða frá Akureyri að Hrafnagilshverfi. Samráð verður haft við Vegagerðina við hönnun stígana, m.a. varðandi hæðarsetningu, breiddir og aðskilnað á milli síga. Þá verður sótt um leyfi Vegagerðarinnar fyrir framkvæmdinni þar sem stígarnir eru á kafla innan veghelgunarsvæðis Eyjafjarðarbraut vestri.

Skv. upplýsingum í greinargerð aðalskipulags eru fornminjar ekki skráðar innan veghelgunarsvæðis á þeim stöðum sem breytingin nær til. Þrátt fyrir það mun samráð vera haft við Minjastofnun Íslands áður en framkvæmdaleyfi verður gefið út.

**Áhrifamat**

Breyting þessi felur ekki í sér stefnu um leyfisveitingar til framkvæmda, sem tilgreindar eru í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og er hún því ekki háð lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlaða. Breyting á leggu gönguleiðar og reiðleiðar er ekki talin hafa veruleg umhverfisáhrif. Aðeins er um að ræða hliðrun á leggu leiðana á kafla þeirra frá Akureyri að Hrafnagilshverfi. Áhrif á náttúruferða eða fornminjar verða engin og ekki er talið að áhrif á samgönguöryggi verði neikvætt. Ef til þess kemur að legga leiðanna vestri innan öryggissvæðis þjóðveggar verða sérstakar ráðstafanir gerðar í samráði við Vegagerðina. Umhverfisáhrif breytingar á aðalskipulagi eru talin vera óveruleg.

## Aðalskipulag Eyjafjarðarsveitar 2005-2025 Þéttbýlið Hrafnagils- og Ölduhverfis auk Kristness Breyting á aðalskipulagi, 26. febrúar 2016

Gönguleið GL-1 og Reiðleið HL-1 frá Akureyri að Hrafnagilshverfi

### Skipulagslýsing

Skipulagslýsing vegna aðalskipulagsbreytingarinnar var auglýst frá 16. - 30. nóvember 2012 ásamt því að vera send umsagnaraðilum. Umsagnir bárust frá Skipulagsstofnun, Vegagerðinni og Akureyrbæ. Tekið er tillit til umsagna í vinnu við breytingu á aðalskipulagi.

Skipulagslýsing var bæði vegna fyrirhugaðrar aðalskipulagsbreytingar og deiliskipulags. Eftir frekari skoðun er ekki talin þörf á að vinna deiliskipulag vegna gönguleiðar og reiðleiðar frá Akureyri að Hrafnagilshverfi en gert er ráð fyrir að sótt verði um framkvæmdaleyfi fyrir stígagerð á grundvelli aðalskipulagsbreytingar.

### Upplýsingar

Breyting á aðalskipulagi tekur til gönguleiðar GL-1 og reiðleiðar HL-1 (héraðsleið) frá Akureyri að Hrafnagilshverfi, alls um 7 km leið. Breytingin felst í því að leggu gönguleiðar og reiðleiðar er breytt á hluta leiðarinnar. Ekki er tekið fram í greinargerð gildandi aðalskipulags hvar leiðirnar liggja nákvæmlega en skv. aðalskipulagsuppráttum eru leiðirnar á og við gamla þjóðveginn sem liggur 50-100 m vestan við og meðfram Eyjafjarðarbraut vestri. Tekið er fram í greinargerð aðalskipulags að gönguleið GL-1 er jafnframt reiðhjólástígur. Í gildandi aðalskipulagi er reiðleiðin sýnd nær þjóðvegi en gönguleiðin fær þjóðvegi.

Breytingin felst í því að á hluta leiðarinnar færast gönguleiðin og reiðleiðin nær Eyjafjarðarbraut vestri sem er skilgreind sem stofnvegur í aðalskipulagi og er veghelgunarsvæði stofnvega 30 m frá miðlínu í hvora átt. Stígarnir munu liggja innan veghelgunarsvæðis innan jarðana Vagfir, Ytra-Gil, Syðra-Gil, Reykhús og Kristnes. Breytingin er m.a. til að minnka langhalla á stígnum.



EYJAFJARDARSVEIT  
AÐALSKIPULAG 2005-2025, BREYTING  
GÖNGULEIÐ GL-1 OG REIÐLEIÐ HL-1

KVARDI-A3: 1:10.000	TEIKN NR:
DAGS: 26.02.2016	HANNAÐ: ÓI
FLOKKUR: 6513	TEIKNAD: ÓI
SKRÁ:	VERKNR: 15009

**LANDSLAG EPT**  
LANDSLAGSARKITEKTAR FÍLA  
SKOLAVÖRÐUSTIG 11 - 101 REYKJAVÍK - Sími: 535 5300  
KAUPANGI VIMYRARVEG - 600 AKUREYRI - Sími: 460 4440  
WWW.LANDSLAG.IS